

2. gr.

63. gr. orðist svo:

Stofnunin ber heitið Byggingastofnun landbúnaðarins og starfar undir stjórn Stofnlána-deildar landbúnaðarins.

3. gr.

68. gr. orðist svo:

Byggingastofnun landbúnaðarins er heimilt að selja þjónustu sína á sanngjörnu verði samkvæmt ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Því fé, sem fæst fyrir selda þjónustu, er stjórn deildarinnar heimilt að ráðstafa að hluta í sjóð, sem hafi það verkefni að styrkja nýjungar í gerð gripahúsa. Styrkveitingar skulu háðar samþykki forstöðumanns byggingastofnunarinnar. Að öðru leyti gangi það upp í rekstur Byggingastofnunar landbúnaðarins.

4. gr.

69. gr. orðist svo:

Stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ræður forstöðumann Byggingastofnunar landbúnaðarins og skal hann vera arkitekt eða með sambærilega menntun.

Hann skal annast rekstur stofnunarinnar eftir nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að höfðu samráði við landnámsstjórn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.
(L. S.)

Pálmi Jónsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu og hverjum kaupstað skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum landsins skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kys sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi sýslusjóði eða bæjarsjóði að 1/3 hluta.

2. gr.

Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

LÖG

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum, sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

Verð umbúða skal dragast frá þegar útflutningsgjald er lagt á unnar afurðir.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 3.25% af f. o. b.-verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

- | | |
|--|-----|
| 1. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingum skipverja, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna | 41% |
| 2. Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins | 20% |
| 3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands | 24% |
| 4. Til samtaka grásleppuhrognafurðafurðenda | 15% |

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr., skal vera í vörslu samtaka grásleppuhrognafurðafurðenda, sem semja um umræddar tryggingar og greiða iðgjöld af þeim. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fánægum vaxtakjörum bankakerfisins. Ráðherra skal setja reglur um iðgjaldasjóð.